

Nd.

365. Frumvarp

til laga um varnarþing í einkamálum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað þess að höfða mál í þinghá þeirri, er stefndur býr í, getur sækjandi, ef hann kys það heldur, höfðað málið og rekið það í þeirri dómþinghá lögsagnarumdæmisins, þar sem dómari hefir skrifstofu sína. Slik mál má jafnan reka fyrir gestarjetti, en ef málsaðiljar eru báðir búsettir í sömu dómþinghá, skal þó sáttaumleitun fara fram fyrir sáttanefnd á venjulegan hátt.

Lög þessi ná eigi til vitnamála, landamerkjamála nje vettvangsmála.

2. gr.

Um stefnufrest í málum, sem höfðuð eru samkvæmt lögum þessum, fer eftir almennum fyrirmælum laga.